

Sjálfbærnissskýrsla samstæðu

Vörður tryggingar - Árið 2025

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

Vörður vinnur af heilindum að sjálfbærnimálum og vill hafa jákvæð áhrif á þróun málaflokksins út í samfélagið. Félagið vill vera öðrum fyrirmynd um ábyrga og arðbæra viðskiptahætti sem taka mið af umhverfi, samfélagi og ábyrgum stjórnarháttum. Þannig stendur Vörður vörð um samfélagið.

Skýrsla þessi er sett fram í samræmi við 66. d. gr. laga nr. 3/2006 og lágmarkskröfur um upplýsingagjöf á sviði umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna. Styðst hún við Nasdaq UFS-leiðbeiningar (útgáfa 2.0) og GHG Protocol. Ítarlegt efni og nánari sundurliðanir er að finna á vef félagsins: vordur.is/sjalfbærni. **Vörður**

Viðskiptalíkan

Vörður er alhliða tryggingafélag sem þjónustar jafnt einstaklinga sem fyrirtæki og leggur áherslu á einföld og þægileg viðskipti. Félagið þjónar yfir 71 þúsund viðskiptavinum, 64 þúsund einstaklingum og 7 þúsund fyrirtækjum.

Markmið félagsins er að rekstur þess sé til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi, að ekki sé eingöngu horft til fjárhagslegra markmiða sem tengjast arðsemi og hagkvæmni, heldur einnig til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna. Viðskiptalíkan Varðar byggir á ábyrgri áhættustýringu, vandaðri verðlagningu og skilvirkri tjónameðferð og með mikla áherslu á forvarnir. Á öllum stigum er horft til áhrifa á umhverfi, samfélag og stjórnarhætti.

Samstarf Varðar og Arion banka hefur aldrei verið öflugra. Þjónusta Varðar er nú aðgengileg í sjö sameiginlegum útibúum og viðskiptavinir samstæðunnar njóta góðs af samþættu fríðindakerfi og endurgreiðslum til tjónlausra viðskiptavina. Bankatryggingavegferð Varðar með Arion hélt áfram á árinu sem lesa má nánar um í umfjöllun árs – og sjálfbærnisráðgjafar Arion.

Stefna

Vörður starfar samkvæmt samþykktum stefnum á sviði umhverfis-, samfélags- og stjórnarháttanna og vinnur samkvæmt leiðbeinandi viðmiðum innan samstæðu Arion banka. Lögð er áhersla á ábyrga viðskiptahætti, gagnsæi og heilindi í allri upplýsingagjöf.

Félagið beitir kerfisbundnum áreiðanleikakönnunum yfir lykilsvið UFS:

- **Umhverfi:** árlegt loftslagsáhættumat, endurskoðun losunargagna (Scope 1–3) og birgjamat með áherslu á orkunotkun og úrgang.
- **Mannréttindi og samfélagsábyrgð:** kröfur um siðareglur birgja, jafnrétti og vinnuvernd; virkt ábendingakerfi og málsmæðferð í samræmi við lög og samstæðureglur.
- **Stjórnarhættir:** spillingarvarnir, persónuvernd, upplýsingaöryggi (ISO 27001) og áhættumiðað eftirlit með þriðju aðilum.

Jafnrétti, mannréttindi og ábyrg mannauðsstjórnun eru mikilvægir þættir í starfsemi Varðar. Félagið leggur áherslu á sanngjarna starfshætti og að rækta mannauð sinn með markvissum hætti. Ábyrgir stjórnarhættir, ásamt persónuvernd og öryggi upplýsinga, eru lykilforsendur trausts rekstrar og eru samþættir verklagi og eftirliti félagsins.

Í umhverfismálum vinnur Vörður að aukinni samþættingu loftslagstengdrar áhættu í starfsemi sína. Félagið leitast við að draga úr neikvæðum loftslagsáhrifum starfsemi sinnar, eftir því sem við á. Umhverfisáhætta er í vaxandi mæli tekin inn í áhættumat og fjárfestingagreiningar.

Virðisikeðja Varðar byggir á siðlegum og ábyrgum gildum, þar sem litið er til áhrifa starfsemi félagsins á hagsmunaaðila, þar á meðal viðskiptavini, starfsfólk, samstarfsaðila og samfélagið í heild. Félagið leitast við að stuðla að ábyrgum starfsháttum í virðisikeðjunni og lágmarka möguleg neikvæð áhrif.

Vörður fylgist markvisst með samfélagslegum, lýðfræðilegum og loftslagstengdum breytingum sem geta haft áhrif á trygginga og fjárfestingasafn félagsins og rekstur þess til lengri tíma. Þessir þættir eru metnir í samhengi við UFS áhættu og eru nýttir til að styðja við áhættustýringu og upplýsta ákvarðanatöku í starfsemi félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Stefna Varðar er að starfa af heilindum í sjálfbærnimálum og stuðla að jákvæðum áhrifum á hagaðila. Áhersla er lögð á að greina og lágmarka bein og óbein neikvæð áhrif á umhverfi, samfélag og stjórnaðhætti, meðal annars með stuðningi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Vörður og Arion hafa styrkt samstarf sitt á sviði sjálfbærni með samræmdum markmiðum og sameiginlegri afstöðu til umhverfis- og samfélagsábyrgðar. Samstarfið byggir á nýtingu sameiginlegra auðlinda og sérfræðipækningar, tryggir aukna skilvirkni og fylgni við reglugerðir og stuðlar að jákvæðum áhrifum á samfélag og umhverfi. Þessi sameiginlega skuldbinding endurspeglar langtímahugsun og leggur grunn að varanlegum árangri.

Innan samstæðu Arion er unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði sjálfbærni, og Vörður tekur virkan þátt í þessum aðgerðum. Vörður á áheyrnarfulltrúa í sjálfbærninefnd Arion banka sem tryggir samhljóm innan sjálfbærnimálaflokks samstæðunnar. Þær ná meðal annars til daglegs reksturs, starfsstöðva, mannauðsmála, aðfangakeðju og útivistunar. Vörður leggur áherslu á eftirfarandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þar sem þau eiga best við kjarnastarfsemi félagsins.

Heimsmarkmið númer 3 - Heilsa og vellíðan. Með öflugum forvörnum eru viðskiptavinir Varðar og almenningur hvattir til að huga að heilsu sinni og vellíðan. Undirmarkmið 3.6 felur í sér að fækka slysum í umferðinni.

Heimsmarkmið númer 5 - Jafnrétti kynjanna. Jafnrétti er féluginu hjartans mál og mun Vörður halda áfram að tala fyrir jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins. Undirmarkmið 5.1 felur í sér að öll mismunum verði afnumin alls staðar.

Heimsmarkmið númer 8 - Góð atvinna og hagvöxtur. Vörður leggur atvinnulífina lið með öflugum forvörnum sem tryggja góðar undirstöður atvinnu og hagvaxtar. Undirmarkmið 8.8 felur í sér að stuðla að öruggu og tryggu vinnuumhverfi fyrir allt launafólk.

Heimsmarkmið númer 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla. Vörður leggur áherslu á sjálfbærni í daglegum rekstri og hefur jafnframt áhrif á birgja sína í gegnum birgjamat. Undirmarkmið 12.6 felur í sér hvatningu um sjálfbæra starfsemi og skýrslugjöf.

Vörður setur markmið og birtir árangur hvað varðar þá þætti sem félagið hefur mest áhrif á með starfsemi sinni, svo sem forvarnir, tjónviðgerðir og knýjandi samfélagsleg málefni hverju sinni. Árangur í sjálfbærnimálum er birtur árlega. Sjálfbærninefnd Varðar er skipað fulltrúum lykilsviða félagsins og viðeigandi tengiliðum innan Arion. Fundað er ársfjórðungslega þar sem fylgt er eftir markmiðum og aðgerðum félagsins í sjálfbærnimálum.

Árlega er gefin út sjálfbærniskýrsla sem unnin er samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq Iceland auk þess sem útreikningar loftslagsáhrifa eru reiknaðir af þriðja aðila í samræmi við aðferðarfræði Greenhouse Gas Protocol. Skýrslan er birt á heimasíðu Varðar og er útdráttur helstu þátta tekinn saman í ársskýrslu. Félagið setur sér markmið í þeim tilgangi að draga úr neikvæðum áhrifum. Endanleg ábyrgð á upplýsingagjöf hvílir á rekstrarstjóra og eru framvinduskýrslur lagðar fyrir framkvæmdastjórn tvisvar á ári. Með þessu er tryggt að stjórnendur séu upplýstir og taki virkan þátt í ákvarðanatöku um sjálfbærni.

Árið 2023 var löggjöf um flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy) lögfest hér á landi. Arion fellur undir lögin og birtir upplýsingar í samræmi við löggjöfina í ársreikningi. Breytingar sem liggja fyrir í einfölduðu sjálfbærniregluverki Evrópusambandsins ná einnig til flokkunarkerfisins og eru því háðar endanlegu samþykki Evrópusambandsins og innleiðingu í íslensk lög. Skýrslugjöf er því óbreytt milli ára en mun í framtíðinni taka mið af breyttri löggjöf.

Áreiðanleikakönnunarferli

Vörður, sem hluti af Arion samstæðunni, hefur hlotið ISO 27001 vottun um stjórnun upplýsingaöryggis. Lögð er rík áhersla á góða ferla og stöðugar umbætur um upplýsingaöryggi og áreiðanleika upplýsinga.

Vörður beitir kerfisbundnum á könnunum á sviði umhverfismála, mannréttinda og spillingar/mútuvarna, ferlið nær til birgja og útivistunar. Vörður hefur skilgreint markmið og aðgerðir til þess að tryggja að áherslum félagsins á sviði sjálfbærni sé framfylgt. Nánari grein er gerð fyrir því til hvaða aðgerða var gripið hér á eftir. Ítarlegra yfirlit yfir ófjárhagslegar upplýsingar Varðar er jafnframt að finna í sjálfbærniskýrslunni á heimasíðu félagsins, www.vordur.is.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

Umhverfisþættir

Vörður leggur áherslu á að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni í lágmarki. Félagið horfir til skuldbindinga Íslands gagnvart Parísarsamkomulaginu og öðrum innlendum og alþjóðlegum umhverfis- og loftslagssáttmálum. Félagið styður metnaðarfull áform Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040. Stærsta áhætta starfseminnar í tengslum við loftslagsbreytingar felst í eigna- og tryggingasafni félagsins.

Með markvissum hætti mun félagið stuðla að aukinni þekkingu starfsfólks á umhverfismálum og að sama skapi styðja við vegferð viðskiptavina í þeim efnum. Magn úrgangs jókst lítillega milli áranna 2024 og 2025. Hins vegar leiða uppfærðir losunarstuðlar, sem Umhverfis- og orkustofnun birti í desember 2025, til þess að reiknuð losun hækkar töluvert á milli ára. Þetta á sérstaklega við um lífrænan úrgang, þar sem breytt aðferðafræði tekur í auknum mæli mið af meðhöndlun úrgangs hjá GAJU.

Megináhættur: áhrif loftslagsbreytinga á trygginga- og eignasafn; losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri og virðisdeðju.

Stjórnun: GHG-útreikningar samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði, skýr markmið um samdrátt, forvarnir og innkaupastefna sem hvetur til viðgerða og endurnýtingar fram yfir skipti.

Markmið til ársins 2030

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem hlýst af eigin starfsemi (umfang 1 og 2) um 80% m.v. árið 2018 og kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur.
- Vinna stöðugt að því að ná betur utan um losun vegna aðkeypra vara og þjónustu (umfang 3) í starfsemi félagsins.

Markmið 2026

- Hlutfall rúðuviðgerða sé að lágmarki 21%
- Aukið hlutfall samkomulagsbóta á tjónasviði – a.m.k. 20 mál hjá persónutjónum
- Hætta alfarið notkun pappírs í gagna meðhöndlun hjá persónutjónum
- Hlutfall myndsímtala verði 5-10%
- Helstu verktakar á höfuðborgarsvæðinu fái boð í þjónustuskóla Varðar

Árangur 2025

- Með nákvæmari aðferðafræði og betri gagnaöflun næst betri yfirsýn yfir losun frá aðkeyptum vörum og þjónustu (umfang 3), í samræmi við markmið síðasta árs.
- Góður árangur náðist í að auka viðgerðir á framrúðum ökutækja í stað þess að skipta þeim út. Markmiðið var að fara ekki undi 17% á árinu en með markvissum aðgerðum og fræðslu til viðskiptavina og verkstæða tókst að gera enn betur og náði hlutfallið 19%.

U1 – Losun gróðurhúsalofttegunda

Heildarlosun jókst lítillega milli ára vegna uppfærðra losunarstuðla frá Umhverfis- og orkustofnun eða um 2%. Þrátt fyrir það hefur hún dregist saman um tæp 63% frá viðmiðunarárinu 2018. Losun árin 2024 og 2025 er því nánast á sama stigi.

Losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu sýnir svipaða þróun, en þar mælist þó 2% aukning milli ára.

U3 – Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi

Vörður hefur sett sér það markmið að auka hlutfall bílrúðuviðgerða í stað rúðuskipta sem liður í að draga úr umhverfisáhrifum rekstursins og vinnur markvisst að þessum markmiðum með því að hvetja til viðgerða fremur en skipta þegar það er tæknilega mögulegt. Hlutfall rúðuviðgerða hefur þróast jákvætt á undanförunum árum og hækkað úr 13,3% árið 2022 í 19% árið 2025. Á árinu 2026 er stefnt að því að hlutfallið hækki enn frekar og nái að lágmarki 21%. Með auknu hlutfalli viðgerða dregur úr hráefnisnotkun og úrgangi, minnkar orkunotkun í framleiðsluferlum og kolefnisspor þjónustunnar lækkar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

Við mat á fasteignatjónum er í mörgum tilvikum nauðsynlegt að fara á vettvang, sem hefur óhjákvæmilega umhverfisáhrif vegna ferðalaga. Markvisst er unnið að því að draga úr slíkum ferðum með aukinni notkun myndsímtala og annarra stafræna lausna þegar aðstæður leyfa. Tjónamatsmenn ferðast eingöngu á rafknúnum ökutækjum á milli staða, sem dregur úr losun og neikvæðum umhverfisáhrifum. Einnig hefur áherslan í fasteignatjónum í auknum mæli færst yfir í að greiða samkomulagsbætur í stað þess að ráðast í uppbyggingu. Með því má draga úr akstri verkta og matsmanna á meðan viðgerðir standa yfir, og þar með minnka umhverfisáhrif tengd starfsemi.

Niðurrif og viðgerðir skapa byggingarúrgang. Í samningum við verkta er kveðið á um að nota skuli viðgerðarefni sem uppfylla viðurkennda staðla (CE, EN eða ETA), með hliðsjón af bæði kostnaðar- og umhverfissjónarmiðum. Jafnframt skal úrgangur endurunninn eftir fremsta megni og honum fargað með ábyrgum hætti í samræmi við umhverfiskröfur.

Þjónustuskóli verkta hófst í október 2025 og verður framvegis haldinn árlega. Þar er farið yfir umhverfisstefnu Varðar og mikilvægi þess að verktakar fylgi henni í störfum fyrir félagið, þannig að helstu samstarfsaðilar séu upplýstir um áherslur okkar í umhverfismálum.

Forvarnir

Tryggingar eru mikilvægur liður í fjárhagslegu heilbrigði og hefur Vörður einsett sér að vera fremst í forvörnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki með markvissum og tímanlegum skilaboðum sem og fyrirtækjaráðgjöf.

Markmið 2026

Tvöfalda fjölda forvarnaheimsóknna frá síðasta ári og heimsækja a.m.k. 80 fyrirtæki

Árangur 2025

- Árið 2025 lagði Vörður mikla áherslu á umferðaröryggi í forvörnum og beindi sjónum að svefni og þreytu í samstarfi við Samgöngustofu og Eimskip. Herferðin „ekki geispa golunni“ fékk góðar viðtökur og jók vitund okumanna um að aka ekki þreyttir. Yfir sumarið var einnig lögð áhersla forvarnir vegna hraðaksturs, ölvunaraksturs og bílbeltanotkunar. Þá voru gerð fræðslumyndbönd um eldvarnir fyrir jólin, í samvinnu við Brunavarnir Suðurnesja og myndbönd um flugeldaslys.
- Áhættumat og samstarf í forvörnum er stór þáttur í þjónustu við fyrirtæki í viðskiptum. Í heimsóknnum er lögð áhersla á skipulagð öryggismála og stöðu bruna-, vatns- og innbrotavarna. Í kjölfarið er veitt ráðgjöf um tækifæri til úrbóta. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir og er áformað árið 2026 að tvöfalda fjölda forvarnarheimsóknna til viðskiptavina

Félagslegir þættir

Á liðnu ári var mannauðsstefna Arion samstæðunnar uppfærð. Stefnan hefur um árábil verið samsett úr sex þemum sem eru leiðarljós okkar í mannauðsmálum og eiga það sameiginlegt að stuðla að ánægju starfsfólks, vexti þess og helgun. Mannauðsstefnan, aðrar stefnur sem tengjast mannauðsmálum ásamt markmiðum og aðgerðum ná til alls starfsfólks samstæðunnar.

Mannauðsstefnan hefur sex meginþemu sem kjarna okkar áherslur: Réttá fólkið, stöðug þróun og fræðsla, árangursdrifin menning, ánægja, líðan og samskipti, öflug forysta, og skýr sýn í jafnréttismálum.

Markmiðið er að halda í og laða að framúrskarandi starfsfólk og efla það í faglegum og persónulegum vexti. Vörður vill skapa jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi og styðja við starfsfólk sitt. Lögð er áhersla á að skapa jöfn tækifæri sem og árangursdrifna vinnustaðamenningu. Vörður leggur mikinn metnað í að viðhalda góðum starfsanda og starfsánægju. Upplifun starfsfólks af starfsumhverfinu er mæld reglulega og fylgst er með líðan þess á vinnustaðnum. Varðar-vísitalan er könnun sem send er á allt starfsfólk annan hvern mánuð. Niðurstöður eru rýndar af mannauðsteymi og stjórnendum með það að markmiði að fá innsýn í styrkleika og áskoranir hvers teymis fyrir sig. Einnig getur starfsfólk komið ábendingum hratt og örugglega á framfæri í gegn um vísitölukönnunina.

Samhliða því að byggja upp sterka og styðjandi vinnustaðamenningu leggur Vörður áherslu á að áhrif félagsins nái einnig út fyrir eigin starfsemi og til samfélagsins í heild. Við lítum svo á að ábyrgð okkar í mannauðsmálum og velferð snúi ekki einungis að starfsfólki heldur einnig að þeim samfélögum sem við erum hluti af og þjónustum.

Þessi sýn birtist meðal annars í þróun lausna og fræðslu sem styðja einstaklinga á viðkvæmum lífsskeiðum og stuðla að auknu öryggi, jafnræði og fjárhagslegri seiglu. Með því að samþætta félagslega þætti inn í vöruframboð, fræðslu og samfélagsverkefni leitast Vörður við að hafa jákvæð áhrif á líf einstaklinga og fjölskyldna og efla meðvitund um málefni sem snerta velferð og réttindi.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

Þannig endurspeglast áherslur félagsins á líðan, jafnrétti og ábyrgð samskipti ekki aðeins í innra starfsumhverfi heldur einnig í virkri þátttöku í samfélaginu, þar sem markmiðið er að styðja við öryggi, fræðslu og raunverulegan stuðning þegar á reynir.

Megináhættur: mannréttindabrot í virðisikeðju, jafnréttis- og fjölbreytileikamálefni, hæfni og heilsa starfsfólks.

Stjórnun: jafnlaunavottun og regluleg launagreining, fræðsla og mælingar á líðan og starfsumhverfi; kröfur til birgja um siðareglur og vinnurétt.

Markmið til 2027

- Að hlutfall miðgildis heildarlauna karla og kvenna sé ekki hærra en 1,25.
- Að niðurstöður í könnun um upplifun starfsfólks á jafnvægi milli vinnu og einkalífs sé að lágmarki 4,2.
- Að fæðingarorlofsréttur verði nýttur að jöfnu óháð kyni
- Að fræðsluvísitala sé 100%.
- Leitast skal við að auglýsa störf í þeim tilgangi að veita jöfn tækifæri óháð kyni, fötlun, aldri og annarri stöðu.
- Starfsfólki þekki stefnu sem og forvarnar- og viðbragðsáætlun í EKKO málum.
- Stuðningsleyfi verður hluti af öllum slysatryggingum svo atvinnurekendur geta veitt starfsfólki stuðning þegar unnið er úr afleiðingum heimilisofbeldis
- Þróun á nýjum vörum sem eru sérstaklega hannaðar til að styðja við einstaklinga á viðkvæmum tímum, með áherslu á heilbrigðismál kvenna og sértækar lausnir sem auðvelda lífið þegar á reynir.

Árangur 2025

- Hlutfall miðgildis heildarlaunagreiðslna karla og kvenna var 1,07 en markmiðið var að undir 1,25.
- Niðurstaða könnunar um upplifun starfsfólks á jafnvægi milli vinnu og einkalífs er yfir markmiðum og endaði í 4,63.
- Öllu starfsfólki, óháð kyni eru tryggð, að jafnaði 80% laun í fæðingarorlofi að teknu tilliti til viðmiðunarreglna fæðingarorlofsjódís á hverjum tíma.
- Fræðsluvísitala Varðar var 99,5% sem þýðir að mikill meiri hluti starfsfólks lauk fræðslu um stefnurnar samkvæmt markmiðum.
- Leitast skal við að auglýsa störf í þeim tilgangi að veita jöfn tækifæri óháð kyni, fötlun, aldri og annarri stöðu. Af 20 ráðningum á árinu hjá Verði voru 15 störf auglýst eða 75%
- Neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi var bætt við heimilistryggingar
- Meðgönguvernd var bætt við sjúkdómavernd til að styrkja öryggi og vellíðan einstaklinga
- Konur fjárfestum – fræðsluáttak í samvinnu við Arion banka sem 2000 konur hafa sótt
- Sálfræðiaðstoð í barnatryggingum framlengd til 26 ára aldurs
- Fjárhæð dánarbóta barns hækkuð í líftryggingum til að veita aukinn stuðning

F2 – Velferð og öryggi einstaklinga og starfsfólks

Vörður hefur verið með jafnlaunavottun frá árinu 2014. Niðurstöður jafnlaunavottunnar sýndu að óútskýrður launamunur kynjanna mælist 0,2% á árinu. Niðurstöðurnar eru góðar og í takt við markmið. Til viðbótar við árlega jafnlaunaúttekt eru framkvæmdar mánaðarlegar jafnlaunagreiningar til að fylgjast með að launaákvæðanir séu í takt við jafnlaunastefnuna og markmið.

Það er ábyrgð okkar allra að vinna gegn ofbeldi og enginn stendur þar fyrir utan. Á árinu 2025 var Neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi bætt við allar heimilistryggingar Varðar, með það að leiðarljósi að styrkja öryggi og velferð einstaklinga. Lögð er áhersla á að fræðsla fylgi innleiðingunni svo fyrirtæki geti mótað stefnu sem styður bæði einstaklinga og samfélagið. Samhliða nýrri vernd verður hvatt til þekkingar á merkjum ofbeldis og viðbrögðum við því, meðal annars með aðgengilegu efni á heimasíðu sem nýtist á vinnustöðum og í nærumhverfi. Markmiðið er að auka stuðning við þolendur og hafa raunveruleg áhrif.

Hjá Verði trúum við því að enginn eigi að standa einn á krefjandi tímamótum lífsins. Meðganga getur bæði verið gleðileg og krefjandi, og með Meðgönguvernd til viðbótar við sjúkdómavernd viljum við styrkja öryggi og vellíðan einstaklinga á þessum mikilvæga lífsskeiði.

Verndin er hugsuð til að draga úr fjárhagslegu og tilfinningalegu álagi og tryggja að fólk fái þann stuðning sem það þarf. Samhliða leggjum við áherslu á fræðslu, svo það sé betur stutt við barnshafandi einstaklinga og umhverfi skapað sem einkennist af virðingu og vellíðan. Það er sameiginleg ábyrgð samfélagsins að tryggja örugga og heilsusamlega meðgöngu. Með þessari vernd vill Vörður leggja sitt af mörkum og styðja fjölskyldur þegar mest á reynir.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

Undir lok síðasta árs hóf Vörður markvissa vegferð í fræðslu fyrir konur. Síðan þá hafa forsvarskonur félagsins haldið erindi fyrir yfir 2.000 konur um mikilvægi trygginga, aðallega í gegnum Konur fjárfestum, fræðsluáttak Arion banka. Viðfangsefni Varðar á viðburðunum hafa verið tryggingar sem snúa að heilsu, fasteignum og fyrirtækjarekstri kvenna. Tryggingaerindin hafa fengið jákvæð viðbrögð og styðja vel við þá mikilvægu fjármálafræðslu sem Konur fjárfestum veitir.

F4 – Fjölbreytileiki

Vörður leggur áherslu á fjölbreytileika og jafnrétti í öllum störfum hjá félaginu. Haldið var áfram vinnu að þeim fjölmörgu verkefnum sem styðja við markmið um inngildingu. Sem dæmi má nefna vitundarvakningu og fræðslu fyrir starfsfólk og stjórnendur um inngildingu og mikilvægi fjölbreytileika í hópi starfsfólks og gerð aðgerðaráætlunar um mögulegar úrbætur á starfsumhverfinu svo að vinnuaðstaðan henti öllum. Einnig hefur stuðningur við starfsfólk af erlendum uppruna verið aukinn með því að bjóða því uppá starfstengt íslenskunám og aðgengi að smáforritinu Bara tala.

Í aðgerðaráætlun í jafnréttismálum hafa verið sett fram markmið sem snúa að inngildingu og fjölbreytileika. Eitt af þeim markmiðum er að mælingar á inngildingu séu yfir landsmeðaltali í inngildingarkönnun Öldu. Slík könnun er framkvæmd annað hvert ár, síðast árið 2024 og var inngildingarvísitalan þá yfir landsmeðaltali. Næsta könnun verður framkvæmd árið 2026.

F6 – Aðgerðir gegn mismunum

Það er stefna Varðar að virða mannréttindi og jafnrétti í allri sinni starfsemi. Unnið er eftir jafnréttis- og mannréttindastefnu ásamt aðgerðaráætlun sem gildir fyrir tímabilið 2024-2027. Stefnan og aðgerðaráætlunin eru samþykktar af æðstu stjórnendum Arion samstæðunnar. Jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsfólks úr öllum félögum samstæðunnar ber ábyrgð á framgangi jafnréttismála innan hennar. Vörður leggur ríka áherslu á að samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og að starfsfólki líði vel.

F8 – Hnatræn heilsa og öryggi

Verði er umhugað um heilsu starfsfólks og er lögð áhersla á að skapa öruggt og heilsueflandi starfsumhverfi, tryggja að lögum um heilsu og öryggi starfsfólks sé fylgt og sýna stuðning með forvörnum og heilsueflingu til framtíðar. Á seinni hluta árs var heilsu- og öryggisstefnan uppfærð. Ný stefna inniheldur markmið um heilsu, öryggi og velferð starfsfólks, megináherslur, áhættuþætti, forvarnir og mælingar.

Vörður hefur sett sér skýr markmið um að vera fjölskylduvænn vinnustaður og gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Boðið er upp á sveigjanlegt starfsumhverfi og fjarvinnustefnu og félagið leggur sig fram um að mæta þörfum starfsfólks þegar kemur að því að sinna fjölskylduábyrgð. Allt starfsfólk er einnig hvatt til að nýta áunnið orlof og vinnutímastyttingu.

Stjórnarhættir

Stjórnarháttum Varðar er ætlað að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila. Vörður leggur ríka áherslu á ábyrga stjórnarhætti og gegnsætt verklag í allri starfsemi sinni. Stjórnarhættir félagsins byggja á viðurkenndum viðmiðum um góða stjórnarhætti, skýrri ábyrgðarskiptingu og faglegri ákvarðanatöku sem stuðlar að heilbrigðu rekstrarumhverfi og traustri áhættustýringu. Góðir stjórnarhættir leggja enn fremur grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa samfélagsleg verðmæti.

Vörður hefur árlega frá árinu 2019 hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Það eru Stjórnvísir, Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq á Íslandi sem standa að viðurkenningunni.

Umfjöllun um lagaramma þann sem um starfsemina gildir og fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti félagsins má finna í stjórnarháttayfirlýsingu sem er birt á heimasíðu félagsins og í ársskýrslu þess.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

Í ársbyrjun 2026 tók gildi ný reglugerð frá Evrópusambandinu sem hefur það að markmiði að styrkja stafrænan viðnámsþrótt fjármálageirans (Digital Operational Resilience Act, DORA). Reglugerðin setur skýrar og samræmdar kröfur um öryggi, áhættustýringu, viðbragðsáætlanir, prófanir og eftirlit tengt upplýsingatækni hjá fjármálafyrirtækjum og þjónustuveitum þeirra. Innan Arion hefur mikið verið lagt upp úr innleiðingu reglugerðarinnar og ýmsar breytingar er varða birgja hafa verið innleiddar. Í þessu samhengi hafa verið kynntar nýjar reglur um þriðju aðila þar sem fram kemur að þeir eru nú flokkaðir í fimm flokka eftir mikilvægi. Eftirlit með birgjum verður umfangsmeira eftir því sem birginn telst vera mikilvægari fyrir rekstur og þjónustu við viðskiptavini.

Megináhættur: spilling og ólögð mætir viðskiptahættir; upplýsingaöryggi og rekstrarþol (DORA)

Stjórnun: siðareglur og fræðsla, áhættumiðað birgjamat og eftirlit með þriðju aðilum, ISO 27001 og stöðug umbótavinna.

Markmið 2026

- Að allt starfsfólk ljúki skyldufræðslu, m.a. um siðareglur, upplýsingaöryggi, varnir gegn peningabætti og persónuvernd.
- Að a.m.k. 90% nýrra birgja sem gera samning við félagið hafi farið í gegnum birgjamat þar sem frammistaða í umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum er metin og að sama hlutfall nýrra birgja hafi samþykkt siðareglur félagsins.
- Innleiðing viðeigandi löggjafar og skýrslugjöf í samræmi við lög.

Árangur 2025

- Markmið ársins var að allt starfsfólk lyki skyldufræðslu. Fræðsluvísitala Varðar endaði í 99,5%, sem er til marks um að meirihluti starfsfólks lauk fræðslu.
- Engir nýir birgjar voru teknir inn á árinu, heldur voru samningar einungis endurnýjaðir við núverandi birgja sem hafa farið í gegnum birgjamat.
- Innleiðing á viðeigandi löggjöf er í vinnslu og á góðri leið.

S1 – Kynjahlutfall í stjórn

Kynjahlutfall í stjórnnum Varðar trygginga og Varðar líftrygginga er í takt við [jafnréttis- og mannréttindastefnu](#) samstæðunnar. Að auki er gætt að lögbundnum kynjahlutföllum í stjórnnum fyrirtækja.

S2 – Óháði stjórnar

Meirihluti stjórnarmanna skulu vera óháður félaginu og félögum innan sömu félagasamstæðu en sú krafa er í lögum um váttryggingastarfsemi. Að auki fylgir Vörður leiðbeiningum Viðskiptaráðs um stjórnarhætti fyrirtækja.

S3 - Kaupaukar

Í lok árs samþykkti stjórn Varðar kaupauka fyrir fastráðið starfsfólk sem byggir á skýrum markmiðum félagsins. Á árinu 2026 eru bæði fjárhagslegir og ófjárhagslegir mælikvarðar hluti af kerfinu en þeir ófjárhagslegu tengjast meðal annars árangri sem snýr að ánægju viðskiptavina, fræðslu og jafnréttismálum.

S5 – Siðareglur birgja

Birgjar staðfesta siðareglur við undirritun samnings. Lögð hefur verið áhersla á að nýir, samningar við fyrirtækið sem vega þungt í umhverfisáhrifum með tilliti til starfsemi sinnar, skrifi undir siðareglur félagsins.

Á árinu 2026 mun birgjamat taka breytingum í takt við breyttar ytri kröfur um þjónustu þriðja aðila. Nálgunin verður áhættumiðuð með aukinni áherslu á öryggi og rekstrarþol, áfram verður horft til umhverfisáhrifa, jafnréttis, vinnuréttar og annarra lykilþátta sjálfbærs og ábyrgs reksturs.

S6 – Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

Allt starfsfólk undirritar siðareglur og staðfestir með því ætlun sína að framfylgja þeim. Siðareglurnar endurspegla hvernig starfsfólk hagar samskiptum sínum við viðskiptavini, samstarfsfólk, eftirlitsstofnanir, hluthafa, birgja, samkeppnisaðila sem og samfélagið allt. Tilgangur siðareglanna er að vinna að sjálfbærni, stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á Verði. Félagið stundar heiðarleg og ábyrg viðskipti þar sem hvers konar mútur eða spilling er hvorki viðhöfð né liðin. Starfsfólk staðfestir í gegnum siðareglur félagsins viðskiptahætti án spillingu.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

S7 – Persónuvernd

Stjórn Varðar hefur sett félaginu öryggisstefnu en hún hefur það að markmiði að stuðla að öruggu og traustu umhverfi viðskiptagagna. Vörður er vottað samkvæmt ISO 27001, stjórnkerfi um upplýsingaöryggi, og starfar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um rekstur upplýsingakerfa. Fyllsta öryggis er gætt við meðhöndlun persónuupplýsinga sem félaginu eru veittar og lýsir einnig [persónuverndaryfirlýsing](#) ábyrgri meðhöndlun persónuupplýsinga.

S9 – Starfsvenjur við upplýsingagjöf

Vörður setur sér markmið og aðgerðir til þess að fylgja eftir framkvæmd sjálfbærniyfirlýsingar félagsins.

S10 – Gögn tekin út/sannreind af ytri aðila

KPMG ehf. aðstoðaði við útreikninga á losun og uppsetningu í samræmi við GHG Protocol og Nasdaq UFS. Vinnan fór ekki í sér endurskoðun eða óháða staðfestingu samkvæmt alþjóðlegum staðfestingar stöðlum.

Lágmarksverndarráðstafanir

Til að váttryggingastarfssemi geti talist umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards) sem snúa að mannréttindum, spillingu og mútupægni, skattamálum og samkeppnismálum. Stefnur félagsins, sem vísað er í hér að neðan, má finna á heimasíðu þess, www.vordur.is/vordur.

Mannréttindi

Arion samstæðna þ.m.t. Vörður hafa sett sér [jafnréttis- og mannréttindastefnu](#). Stefnunni er ætlað að tryggja virðingu við mannréttindi og jafnrétti í allri sinni starfsemi. Í stefnunni er lögð áhersla á að skapa umhverfi þar sem fólk með sambærilega menntun, starfsreynslu og ábyrgð býr við jöfn tækifæri og kjör, án tillits til þjóðernisuppruna, kynþáttar, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og kyntjáningar eða annarrar stöðu. Hvers kyns mismunur er í andstöðu við stefnu þessa og óheimil samkvæmt lögum. Þá hefur félagið einnig sett sér reglur um vernd upplýstrara sem settar voru með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 40/2020 um vernd upplýstrara.

Varnir gegn mútum og spillingu

Vörður hefur sett sér siðareglur. Í þeim er gerð grein fyrir siðferði í viðskiptum, þar á meðal að félagið skuli ávallt vinna gegn spillingu, þ.m.t. mútum, kúgun og fjárvikum. Gildandi stefna um hagsmunaárekstra og sviksemi, sem er samþykkt af stjórnunum Varðar trygginga hf. og Varðar líftrygginga hf., segir að Vörður skuli tryggja að stjórn og starfsmenn félagsins starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum, með hag umbjóðenda fyrir augum sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfssemi.

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy)

Árið 2020 samþykkti Evrópusambandið nýjar reglur sem búa til samræmdan ramma eða flokkunarkerfi sem er ætlað að flokka atvinnustarfsemi eftir því hvort hún telst umhverfislega sjálfbær, byggt á viðmiðum í reglunum. Í kjölfarið tók gildi árið 2023 sjálfbærnilöggjöf hér á landi sem meðal annars gerir félaginu skyld að birta upplýsingar í tengslum við flokkunarkerfi Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy).

Í viðauka við ársreikning samstæðu Arion banka má finna almenna umfjöllun um flokkunarreglugerðina, innleiðingu hennar hér á landi og þá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir.

Í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 um loftslagmál (Climate Delegated Act) eru skilgreind tæknileg matsviðmið fyrir umhverfismarkmið til mildunar loftslagsbreytinga og aðlögunar að loftslagsbreytingum, sem eiga við um hluta starfsemi Varðar. Viðmiðin sem eiga við í umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar lúta að starfsemi sem telst umhverfislega sjálfbær og felur í sér vernd gagnvart skilgreindum loftslagstengdum hættum eins og ofsavindum, fárviðri og jarðvegsrofi. Vörður framkvæmdi hæfnismat á váttryggingavörum samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 (loftslagsmarkmið). Með hliðsjón af tæknilegum matsviðmiðum reyndist engin vara uppfylla skilyrði til birtingar sem hæf á árinu.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf 2025 - óendurskoðuð

Tafla 1

Engin trygging félagsins var metin til þess fallin að heyra undir reglugerðina.

Atvinnustarfsemi (1)	Heildarþjöld ártíð (3)	Hlutf. í gjöldum, ártíð (4)	Hlutf. út af allri þjöldi (5)	Láun og aðrir gjöld (6)	Veldur ekki verulegu tjóni (DNSH)									
					Aðrir gjöld (7)	Móttöfslagsbreytingar (8)	Vatns- og sjávarauðlindir (9)	Hringrásarhagkerfi (10)	Mengun (11)	Líf og vistkerfi (12)	Láun og aðrir gjöld (13)	Láun og aðrir gjöld (14)	Láun og aðrir gjöld (15)	Láun og aðrir gjöld (16)
A.1. Skaðatryggingar og endurtryggingar starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu (umhverfissjálfbær)	0	0%												
A.2 Starfsemi sem er gjaldgeng en fellur ekki að flokkunarkerfinu	0	0%												
A.2 Skaðatryggingar sem falla að flokkunarkerfinu	0	0%												
A.2.1 Þar af endurtryggð	0													
Alls (A.1 + A.2)	0	0%												
B Starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu	20,780,469,334													
B Vátryggingarstarfssemi sem er ekki gjaldgeng	20,780,469,334	100%												
Alls (A + B)	20,780,469,334	100%												



Vörður tryggingar . Borgartúni 19 . 105 Reykjavík . www.vordur.is